



Öryggis- og umgengnisreglur á sundstöðum Ísafjarðarbæjar

Öryggisreglur

- Sundlaugagestir eru á eigin ábyrgð í sundlaugum Ísafjarðarbæjar.
- Börn yngri en 10 ára, miðað við 1. júní árið sem þau verða 10 ára, skulu vera í fylgd með syndum einstaklingi 15 ára eða eldri. Mest mega vera tvö börn í fylgd hvers, nema um sé að ræða foreldri eða forsjáraðila barnanna.
- Börn eru á ábyrgð foreldra/forsjáraðila í sundlauginni og skulu þeir fylgjast vel með börnum sínum.
- Allir skulu þvo sér vel án sundfata áður en farið er í laugina. Sundföt skulu vera hrein.
- Ósyndir skulu nota viðurkennda armkúta eða sundvesti. Hringlaga plastkútar eru leikföng en ekki öryggistæki.
- Notkun áfengis, vímuefna, ólöglegra lyfja, tóbaks eða nikótíns í einhverri mynd er óheimil í sundlaugum Ísafjarðarbæjar. Einstaklingum undir áhrifum er óheimill aðgangur eða verður vísað úr húsi.
- Dýfingar eru ekki leyfðar af langhliðum né grynri enda laugar.
- Notkun köfunartækja s.s. öndunarpípu og köfunargrímu sem nær yfir öndunarfæri er óheimil nema með sérstöku leyfi. Tæki skal vera vottað.

Umgengnisreglur

- Notkun myndavéla, síma og annarra snjalltækja er stranglega bönnuð í búningasklefum.
- Sundstaðir bera ekki ábyrgð á skóm eða öðrum eigum sundgesta. Gestum er bent á að nota læsta skápa.
- Mælt er til þess að börn á grunnskólaaldri noti búningaaðstöðu ætluð þeirra kyni. Hægt er að óska eftir að starfsmaður fari með barni í gegnum klefann.
- Sundlaugagestir skulu fylgja fyrirmælum starfsfólks. Brot á öryggis- eða umgengnisreglum geta leitt til brottrekstrar frá sundstað.
- Ávallt ber að sýna öðrum gestum og starfsfólki tillitssemi.

Reglur þessar um umgengni á sundstöðum skulu vera á áberandi stöðum á sundstað.

Reglur þessar voru samþykktar af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4. september 2025.